



## ÍBÚAFUNDUR 15. FEBRÚAR

Fundur um sameiningarmál sveitarfélaga – framtíðarsýn svæðisins.

- Fundurinn verður haldinn í Valsárskóla **laugardaginn 15. febrúar**. Fundurinn hefst kl. 9:45 og stendur til kl. 13:30
- Þátttakendum verður skipt upp í vinnuhópa
- Ýmis gögn er tengjast sameiningarmálum er að finna á vefsíðunni: [www.svalbarðsströnd.is](http://www.svalbarðsströnd.is) / **Sameiningarmál - íbúafundur**



Við hvetjum Ströndunga eindregið til að skoða gögnin, mæta og taka þátt í áhugaverðum umræðum. Léttur hádegismatur verður í boði.

Með bestu kveðju, Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps

---

## AUGLÝST EFTIR FLOKKSTJÓRUM

Svalbarðsstrandarhreppur auglýsir eftir flokksstjórum við vinnuskóla sveitarfélagsins sumarið 2020. Um er að ræða fullt starf í frá 1. júní – 1. sept. Laun eru skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga og Einingar-Íðju.

Flokksstjóri skipuleggur og stjórnar daglegri starfsemi vinnuskólans í samráði við umsjónarmann fasteigna. Hann hefur efirlit með tækjum og áhöldum og ber ábyrgð á að eðlilegt viðhald fari fram. Umsækjandi þarf að vera fæddur árið 1999 eða fyrr og vera með bílpróf. Reynsla af starfi með ungmennum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsóknum skal skilað til skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í Ráðhúsinu eða í tölvupósti á netfangið [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is)

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu hreppsins eða í síma 464-5500.

# NÝ HEIMASÍÐA

Vekjum athygli á nýrri heimasíðu Valsárskóla/Álfaborgar:

[www.skolar.svalbardsstrond.is](http://www.skolar.svalbardsstrond.is)

---

## SAFNASAFNIÐ

Safnasafnið verður 25 ára 17. febrúar 2020 og heldur upp á afmæli sitt með fjölmörgum nýjum sýningum, hin fyrsta verður haldin í 250 fermetra sal í Listasafni Reykjanesbæjar á verkum héðan að norðan eftir 4 látna heiðursmenn, þar á meðal eru greinaverk eftir Hálfðan Ármann Björnsson frá Hlégarði í Aðaldal. Sýningin verður opnuð 7. febrúar og væri gaman ef einhver úr sveitinni sæi sér fært að skoða hana

Næsta opnun verður í Safnasafninu 9. maí og síðan önnur 6. júní en allar sýningar safnsins taka þátt í Listahátíð í Reykjavík og er það í annað skipti sem safnið fær slíkt boð, en í fyrsta skipti sem nemendur skólanna á Svalbarðseyri koma við sögu í svo umfangsmiklum viðburði.

Safnið gefur út 2 stórar bækur í sumar, hin fyrri fjallar um Karl Kjerulf Einarsson (1897-1972), sem kallaði sig m.a. Dunganon, Hertoga af St. Kilda, Leyndarhirði Hekluglóða, og bjó lengst af í Kaupmannahöfn. Síðari bókin er um Sölva Helgason (1820-1895), listamann, fræðimann og heimspeking frá Skagafirði. Höfundur beggja bókanna er Harpa Björnsdóttir stjórnarmaður í Safnasafninu frá 2001

Vatnslitamynd eftir Sölva Helgason í eigu Safnasafnsins:



---

Ströndungur kemur næst út miðvökudaginn 18. mars.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 mánudaginn 16. mars.